




ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

# FLÓRGOÐINN

## Meðal efnis í Flórgoðanum:

- Vorhátíð
- Íþróttadagur
- Skipulagsdagur
- Sveigjanlegt skólastarf
- Foreldradagur
- Skólaslit
- Heilsdagsskóli
- *Skóladagatal 2005-2006 fylgir með Flórgoðanum*



**Síðasti Flórgoði vetrarins kemur út á skólaslitum og fylgir vitnisburðarblaði.**

## Foreldradagur

Sú hefð hefur skapast hér í Áslandsskóla að hitta nemendur ásamt forráðamönnum að vori. Þessi dagur virkar að sönnu sem þriðji viðtalsdagur skólaársins.

Hugsunin á bak við þennan dag er að fara yfir afrakstur skólaársins og hvernig vinnu, ástundun og almennu skólastarfi hefur miðað frá því að umsjónarkennari hitti forráðamenn með nemendum til viðtals fyrr í vetur.

Tímasetningar viðtals verða sendar heim innan fárra daga en öll viðtölin fara fram föstudaginn 3. júní.

## Skólaslit

Skólaslit verða mánudaginn 6. júní. Nemendur í yngri deild, **1.-4. bekkur**, mæta kl. 9:00 í heimastofur. Þaðan ganga þeir í röð á sal skólans. Þar verða skólaslit með morgunstundarsniði, kveikt á kertum, farið með skólaheiti, stutt ávarp skólastjóra, skólasöngur og síðan halda nemendur aftur í stofur og fá sín vitnisburðarblöð.

Miðdeildarnemendur, **5., 6. og 7. bekkur**, mæta kl. 10:00 og verða skólaslit með sama sniði hjá þeim og yngri deild.

Nemendur í **8. og 9. bekk** mæta í skólann kl. 11:00 og verða skólaslit hjá þeim með sama sniði og hjá ofangreindum hópum.

Skólaslit hjá **10. bekk** verður þriðjudaginn 7. júní kl. 12:00 á sal skólans.

## Myndasamkeppni / tóbaksvarnarátak

Vikan 4.-8. apríl var tileinkuð tóbaksvörnum á tveimur elstu stigum grunnskóla Hafnarfjarðar og Álftaness. Þá viku ræddu kennarar sérstaklega um tóbaksvarnir og heilbriggt lífverni við nemendur sína. Jafnframt voru kennarar beðnir um að gefa nemendum tækifæri til að nýta sem svarar einni kennslustund til myndgerðar í myndasamkeppni á vegum átaksins.

Sigurveggar myndasamkeppninnar hér í Áslandsskóla urðu **Örn Erlendsson** úr *Garpheimum* og **Viktória Valdimarsdóttir** úr *Dulheimum*.

***www.aslandsskoli.is***

## Vordagar í yngri deild 2005

### 30. maí

Íþróttadagur, nemendur mæta í skólann kl. 8:10 og síðan verður haldið á Ásvelli. Þar mun Jörundur Áki, íþróttakennari, stýra leikjum og markvissri hreyfingu.

### 31. maí

Skipulagsdagur starfsfólks, fri hjá nemendum.

Umsjónarkennarar í 1.—4. bekk munu senda heim með hverjum nemanda, dagskrána hjá árgangnum dagana 1. og 2. júní.

## Viðtöl / Óskilamunir / Mataráskrift

**Foreldraviðtalsdagur** er í skólanum föstudaginn 3. júní en þá koma forráðamenn ásamt nemendum til viðtals í skólanum.

Bréf með boðun til viðtals er væntanlegt heim allra næstu daga.

Á foreldraviðtalsdegi verða **óskilamunir** hafðir frammi í skólanum. Allur sá fatnaður sem ekki ratar í hendur rétttra eigenda, þ.e. verður eftir hér í skólanum verður settur í kassa og sendur líknarfélögum.

Athugið að það verður gert strax í vikunni eftir foreldraviðtalið.

Síðasti dagur drykkja- og mataráskriftar er íþróttadagurinn 30. maí. Eftir þann tíma þurfa allir nemendur að koma með nesti í skólann.

## Vordagar í miðdeild 2005

### 30. maí

Íþróttadagur, nemendur mæta í skólann kl. 8:10 og síðan verður haldið á Ásvelli. Þar mun Jörundur Áki, íþróttakennari, stýra leikjum og markvissri hreyfingu.

### 31. maí

Skipulagsdagur starfsfólks, fri hjá nemendum.

### 1. júní

#### 5. bekkur

Vorferð á Akranes kl. 8.30-15

#### 6. bekkur

Vorferð á Stokkseyri kl. 8.30-15

#### 7. bekkur

Vorferð um Reykjanes kl.8.45-15,

Færeyingarnir fara með þeim

### 2. júní

5. og 6. bekkur með leikja- og grilldag við skólalóðina frá kl. 9-12

7. bekkur býður Færeyingunum í Heiðmörk kl. 11-14.

## Heilsdagsskóli að vori

Heilsdagsskólinn verður opinn síðasta skipulagsdaginn 31. maí frá kl. 8:00. Þeir forráðamenn sem hyggjast nýta sér þjónustu heilsdagsskólans þann dag eru beðnir að ganga frá skráningu og greiðslu fyrir hádegi mánudaginn 30. maí.

Heilsdagsskólinn verður einnig opinn frá kl. 8:00 viðtalsdaginn 3. júní. Þeir forráðamenn sem hyggjast nýta sér það verða að skrá börnin og ganga frá greiðslu í síðasta lagi fyrir hádegi daginn áður.

Þá verður heilsdagsskólinn opinn frá kl. 8:00 á skólaslitadaginn 6. júní. Lokafrestur skráningar og greiðslu er föstudagurinn 3. júní. **Mánudagurinn 6. júní er lokadagur í starfi heilsdagsskólans á skólaárinu.**

**Skólaárið 2005-2006 hefst hjá nemendum mánudaginn 22. ágúst 2005**

## Vordagar í unglingadeild 2005

### 30. maí

Íþróttadagur, nemendur mæta í skólann kl. 9:00 og síðan verður haldið á Ásvelli. Þar mun Jörundur Áki, íþróttakennari, stýra leikjum og markvissri hreyfingu.

### 31. maí

Skipulagsdagur starfsfólks, frí hjá nemendum.

### 1. júní

Vorferð unglíngadeildar, 8., 9. og 10. bekkur halda í ferð í Furulund í Heiðmörk. Þar er ætlunin að grilla og fara í leiki.

Nemendur mæta í skólann kl. 9:00 og lagt verður af stað kl. 9:30.

Áætlað að leggja af stað heim frá Heiðmörk um kl. 12:00.

Kostnaður vegna þessarar ferðar er ekki alveg komin á hreint.

### 2. júní

8. bekkur mætir kl. 9:00 í aðalanddyri skólans. Nemendur taka til umhverfis skólann, mála leiki á skólalóð, gera lóðina fína fyrir sumarið. Þegar því lýkur verður farið í leiki, knattspyrnu og körfuknattleik.

9. bekkur mætir kl. 9:00 í aðalanddyri. Gengið upp í skógræktarreit skólans þar sem gróðursettar verða plöntur í landi Áslandsskóla.

10. bekkur mætir kl. 9:00 í fyrirlestrarsal skólans. Þar fer fram fjármálafræðsla.

## Útskriftarferð nemenda í 10. bekk

### Miðvikudagur 18. maí

14:45 Mæting Áslandsskóla, gengið frá greiðslu

15:00 Akstur Áslandsskóli – Úlfjótuvatn

Þar verður farið í skemmtilegt klettaklifur og sig í þar til gerðum turni.

Svo ýmsir leikir og kvöldvaka. Gist í skála.

### Fimmtudagur 19. maí

9:00 Akstur Úlfjótuvatn – Sólheimajökull

Jökulganga og létt ísklifur í Sólheimajökli.

15:00 Akstur Sólheimajökull – Hellishólar með viðkomu við Seljalandsfoss

Gengið á bak við Seljalandsfoss.

Gist á Hellishólum.

### Föstudagur 20. maí

9:00 Akstur Hellishólar – Hvítá

Daginn eftir flúðasigling á Hvítá.

13:00 Akstur Hvítá – Reykholt

Sund og grillveisla.

15:00 Akstur Reykholt – Áslandsskóli

### Fararstjórn:

Umsjónarkennari, forstöðumaður Ássins, tveir forráðamenn.

### Meðal þess sem þarf að hafa meðferðis:

Morgunverð fyrir fimmtudag og föstudag, hádegisverð fyrir fimmtudag, svefnpoki, dýna, hlýr undirfatnaður(ull), ullarsokkar, flíspeysa, sandalar, vatnsheldur jakki, vatnsheldar buxur, húfa, hanskar, sundfatnaður, handklæði, góðir gönguskór, inniskór, föt til skiptanna(vissa fyrir bleytu á nokkrum stöðum á leiðinni), atriði á kvöldvöku og sérlega gott skap sem þið eigið nóg af.

### Verð:


12.000.- pr nemanda.

### Innifalið:

Öll dagskrá, akstur, gisting, kvöldverður miðvikudag og fimmtudag, hádegisgrill föstudag.

*Nánar á [www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)*

- Rafræn innritun í framhaldsskóla
- Foreldraverðlaun Heimilis og Skóla
- Eyðublað um skráningu nýrra nemenda



## Vorhátíð 2005

Árleg vor- og hverfishátíð Áslandsskóla laugardaginn 28. maí kl.11.00 -14.00.

Hátíðin hefst með því að skólahlaupið verður ræst kl. 11.15 og því er nauðsynlegt að mæta kl. 11.00 og skrá sig í hlaupið.

Á skólalóðinni verður boðið upp á fjórar gerðir hoppukastala bæði stóra og smáa. Einnig verða settar upp hjólaþotubrautir, mjög spennandi sem hentar flestum aldurshópum. Hestamannafélagið Sörli mætir á svæðið með tvo til þrjá hesta og teymt verður undir.

Á skólalóðinni verður einnig sett upp "áskorun" fyrir alla aldurshópa, konur, karla, drengi og stúlkur. Það er braut með ýmsum þrautum og áskorunum sem fara á á tíma. Spennandi og skemmtileg.

Á sviðinu verður nánast stanslaus dagskrá: Þar munu a.m.k fjórar hljómsveitir spila, sýnd verða atriði úr Latabæ og vonandi einnig atriði úr frábærum söngleik sem settur var á svið í skólanum í vetur.

Lögreglan okkar mætir á svæðið til að skoða hjól og hjálma og hvetjum við alla til að nýta sér það tækifæri og fá skoðunarmiða fyrir sumarið , því það er nú afar mikilvægt að hjólin séu í lagi.

Seldar verða veitingar á vægu verði: Grillaðar pylsur, gos og ávaxtasafi, prins póló og kaffi.

Inn í skólanum verður sett upp sýning nemenda á myndum sem sendar voru inn í keppni um tóbaksvarnir og jafnvel eitthvað fleira af verkum nemenda frá vetrinum.

Við erum að sjálfsgöðu búin að panta gott veður, en ef það skyldi rigna þá hvetjum við alla til að galla sig vel og mæta samt, því eins og segir í textanum " Mér finnst rigningin góð"


## Aðalfundur

Aðalfundur Foreldrafélags Áslandsskóla verður haldinn miðvikudaginn 25. maí klukkan 20 á sal skólans.

### Dagskrá:

- Leifur S. Garðarsson skólastjóri kynnrir SMT (School Management Training) sem Áslandsskóli tekur upp í haust
- Skýrsla foreldraráðs
- Skýrsla fráfarandi stjórnar
- Endurskoðaðir ársreikningar
- Kosning í foreldrafélag, foreldraráð og nefndir (skólafatanefnd, skólafærniámskeiðsnefnd og vorhátíðarnefnd)
- Önnur mál

*Þeir foreldrar sem ekki sjá sér fært að mæta á fundinn en vilja hafa áhrif á starfsemi fundarinnis eru beðnir að senda skriflegt umboð.*



Kríuási 1  
221 Hafnarfirði  
Sími: 585 4600  
Bréfsími: 585 4610  
www.aslandsskoli.is  
Aslandsskoli@aslandsskoli.is

**[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)**

**FLÓRGÖÐINN**

**Fréttablað  
Áslandsskóla**

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

**Leifur S. Garðarsson**  
Skólastjóri  
leifur@aslandsskoli.is